

Tregur afli

MJÖG tregur afli hefur verið á miðunum í kringum landið að undanförunu, að sögn Kristjáns Ragnarssonar hjá Landsambandi íslenskra útvegsmanna. Hins vegar sagði Kristján, að mjög góður afli hefði verið á Norðursjávarmiðum, og hefðu sildveiðibátarnir nú landað mun meiri afla en á sama tíma í fyrra.

Tveir bátar, Ljósafari ÞH og Huginn VE, stunda nú veiðar á spærhingi, og hafa aflað illa. Þriðji báturinn, Halkion, hefur

nýlega hætt þeim veiðum, a. m. k. um tíma, á meðan verið er að skvera bátinn. Þá hafa mun færri bátar verið á grálúðuveiðum nú en undanfarin ár, og afli verið tregur.

Guðfinnur Einarsson í Bolungarvík sagði í viðtali við Morgunblaðið í gær, að veiði grálúðubátanna hefði verið mjög léleg ennþá, en þeir væru nýbyrjaðir veiðarnar, og veiddu jöfnum höndum þorsk og grálúðu. 4 bátar eru gerðir út á grálúðuveiðar frá Bolungarvík.

Samvinna bankanna:

Stofna sameiginlega reiknistofnun

Verður í nýja Seðlabankahúsinu

BANKARNIR í Reykjavík hafa ákveðið að koma sér upp sameiginlegri reiknistofnun, þar sem allar reikningsfærslur þeirra verða unnar í fullkomnu rafreiknum. Gert er ráð fyrir að stofnun þessi geti tekið til starfa eftir u.þ.b. tvö ár í hin-

um nýju húsakynnum Seðlabankans við Sölvhólgötu og hefur verið auglýst eftir forstöðumanni fyrir stofnunina.

Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Verzlunarbancans, sagði í viðtali við Morgunblaðið í gær, að allar athuganir sýndu, að mjög aukin hagkvæmni fylgdi því fyrir bankana að koma sér upp sameiginlegri reikningsmiðstöð. Bankarnir hefðu verið að koma sér upp þessari tækni sjálfir og væru mislangt á veg komnir, en við þetta samstarf yrði öll þróun auðveldari viðfangs. Sagði Höskuldur, að bankarnir myndu færa vissa þætti reikningsfærslna þeirra í stofnunina eftir því sem hagkvæmt þætti, og myndu flestir fara strax með alla ávísana og sparisjóðsreikninga og síðar Framhald á bls. 5.



Drukknæði í Bretlandi

HÉR birtist mynd af sjómanninum, sem drukknæði af flutningaskipinu Sæborgu í Bretlandi í síðustu viku. Hann hét Aðalsteinn Sigurðsson, 44 ára að aldri, til heimilis að Rauðarárstíg 20 í Reykjavík.



Eru þeir að fá'ann?

NORÐURÁ

Veiði hefur verið fremur treg í Norðurá síðustu daga, að sögn Þóreyjar ráðskonu í veiðihúsinu. 640 laxar voru í gær komnir á land úr Norðurá, og gat Þórey sér þess til að meðalvigt þeirra væri 8—9 pund.

Þórey sagði, að nú væri talsvert farið að veiðast á flugu, þótt enn væri maðurinn aðal agnið. Laxinn er nú genginn upp alla á, en Þórey sagðist hafa það eftir veiðimönnum á efri svæðunum, að ekki væri það neitt að ráði.

11. stöngin bættist við í gær,

en hingað til hafa verið 10 stengur í ánni.

ELLIDÁÁ

Fyrir hádegi í gær voru dregnir 18 laxar úr Elliðaánum, sem verður að teljast daggóður fengur. Á miðvikudaginn veiddust 22 laxar í ánni, þar af einn 18 punda, sem mun vera stærsti laxinn úr Elliðaánum til þessa.

Alls var kominn 201 lax úr Elliðaánum í gær, en það er talsvert berti veiði en var á sama tíma í fyrra. Laxinn hefur til þessa mest fengist á maðk, og er hann talinn í vænna lagi.

LEIRVOGSÁ

Veiði í Leirvogsa hefur verið með afburðum treg það sem af er veiðitímanum, og fengust t. d. aðeins fjórir laxar úr ánni á fyrstu fimm dögum, en veiðitímabilið hófst þann 21. júní. Eitthvað mun þó vera farið að birta yfir ánni, en Morgunblaðinn tókst ekki að afla upplýsinga um það hversu margir laxar voru komnir á land í gær.

STÓRA LAXÁ

Veiðitímabilið byrjaði illa í



Vinna er hafin í grunni stórhýsis Seðlabankans við Arnarhól.

Seðlabankahúsið við Sölvhólgötu:

Framkvæmdir hafnar

SEÐLABANKINN hefur hafið framkvæmdir við nýbyggingu sína við Sölvhólgötu, á bílastæðinu gegnt sænska frystihúsinu. Gert er ráð fyrir að húsið verði uppsteypt snemma á árinu 1975 og að bankinn geti flutt þangað starfsemi 1977. Undir húsinu, sem verður fjórar hæðir, verða tveir kjallarar á mun stærri grunnfleti en húsið sjálft og verða þar m. a. bílageymslur, peningageymslur og vélasalur reiknistofnunar bankanna, sem

sagt er frá á öðrum stað í blaðinu í dag.

Að sögn Sigurðar Arnar Einarssonar, skrifstofustjóra Seðlabankans, mun öll starfsemi Seðlabankans verða þarna í framtíðinni og verður húsnæði það, sem bankinn á í Landsbankahúsinu, selt Landsbankanum.

Rúmmál hússins sjálfis er um 10000 rúmmetrar en rúmmál bílajakjallaranna er um 10000

rúmmetrar og á Reykjavíkurborg helming þess rýmis. Hinir hlutar kjallarans eru einnig 10000 rúmmetrar. Verður í húsinu hægt að geyma um 130 bíla í einu. Arkitektarnir Guðmundur Kr. Guðmundsson og Ólafur Sigurðsson teiknuðu húsið, en verkfræðivinnna var unnin á Almennu verkfræðiskrifstofunni. Bygging hússins sjálfis hefur ekki enn verið boðin út, en verktaki í grunni er Aðalbraut sf.

Þjóðhátíð í Klaufinni í Eyjum

Breidabakki verður aðal hátíðarsvæðið að þessu sinni

ÞJÓÐHÁTÍÐ Vestmannaeyja verður haldin í Vestmannaeyjum um verzlunarmannahelgina og sannast þar með ljóðlína í einu gömlu þjóðhátíðarkvæði, að „þrátt fyrir böll og alheims-

strið, þá verður haldin þjóðhátíð“.

Íþróttafélagið Týr sér um hátíðina að þessu sinni og hélt þjóðhátíðarnefnd Týs fund fyrir skömmu um málið. Kom ekki til

tals að halda þjóðhátíðina utan Eyja, en vegna þess að húsið er að sá í Herjólfssdal, verður hátíðin ekki haldin þar að þessu sinni, heldur suður á Heimaey á Breidabakka við Klaufina. Verður hátíðin haldin dagana 4. og 5. ágúst á laugardegi og sunnudegi, en vegna leyfa fólks er setning færð af föstudegi yfir á laugardag.

Ákveðið hefur verið að skreyta Breidabakka og Klaufina með ljósum og flöggum, byggja danspalla, leiksvið og hlaða brennu. Verður brennan hlaðin á öxl Sæfjalls í stað Fjósakletts í Herjólfssdal, en allur suðurhluti Heimaeyjar er grasi vafinn að vanda og ber engin merki gossins. Siggí Reim, brennukóngur mun hlaupa með kyndil frá nýja eldgignum og kveikja í bálkestinum, og þulur á hátíðinni verður Stefán Árnason, sem er nærri jafn gamall þjóðhátíðinni.

Venjulegar þjóðhátíðargötur verða settar upp á Breidabakka og stóra veitingatjaldið. Þá verður reynt að hafa sem mest af skemmtiefninu innlent, þ.e. frá Eyjum og verður safnað að Eyja líði til að skemmta í Klaufinni.

Formaður Týs er Eggert Sigurðsson, en á undirbúningsfundinum kom það fram að ástæða er til að hvetja fólk til að búa sig vel út með viðleguútbúnað, en reynt verður að hafa nægan mat á boðstólum og að sjálfsgötu verður seldur lundir, en ætlunin er að fá stóra gáma fyrir söluskála, því skreyting og byggingar verða að vera takmarkaðar að þessu sinni.

Byrjað er að undirbúa ýmsa þætti þjóðhátíðarinnar og t.d. er farið að vinna þjóðhátíðarkönnurnar vinsælu sem eru með ártali hverrar hátíðar.

Breidabakki er mjög stórt tún sem hallar niður að ströndinni í Klaufinni við Stórhöfða og á göðviðrisdögum í Eyjum notar fólk staðinn mikið til baða. Búð er að panta flugelda og blys fyrir þjóðhátíðina.

Brendist illa

— í álverinu

STARFSMAÐUR í álverinu í Straumsvík varð fyrir því óhappi á mánudaginn, að lenda með báða fætuna ofan í álbræðsluker, sem fullt var af 900 stiga heitu áli. Var maðurinn að vinna að því að mæla hæð á skautgöfllum í kerinu þegar honum varð fótaskortur með fyrrgreindum afleiðingum. Tókst honum af sjálfisdáðum að komast upp úr kerinu, og helltu samstarfsmenn hans þegar yfir fætur hans sérstöku efni, sem heftir bruna af þeirri tegund, sem verður af kríólin efnum.

Ágúst Þorsteinsson hjá íslenska álfélaginu sagði í viðtali við Morgunblaðið í gær, að maðurinn, sem heitir Magnús Jóns-

son, 24 ára gamall, væri nú orðinn rólfær. Hann væri þó enn á sjúkrahúsi. Brendist Magnús upp að hné á hægri fæti, en eitthvað minna á þeim vinstri. Sagði Ágúst, að vafalaust hefði það bjargað miklu, að hann var klæddur sérstökum fótubúnaði, — hlífðarfötum, sem starfsmönnum væru látið í té af vinnuveitendum.

23 þús. kr. stolið

PENINGAKASSA með um 23 þús. kr. var stolið í innbroti í eldhús Félagsstofnunar stúdenta við Hringbraut í fyrrinótt.